



Innra mat

**Sjálfsmatsskýrsla
Skólaárið 2020-2021**


21. október 2021
Grétar Karlsson, verkefnisstjóri innra mats

Efnisyfirlit

Matsþættir í FNV	3
Matsáætlun 2018-2022	3
Matsáætlun 2021-2025	4
Framkvæmd.....	5
Niðurstöður matsþátta.....	6
Áfangakönnun	6
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar	6
Áfangakönnun hjá helgarnemum.....	7
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar	7
Skólapúlsinn.....	8
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar	8
Nemendur og nám (Ekki til skoðunar 2020-2021)	9
Stoðþjónusta- og önnur þjónusta (Ekki til skoðunar 2020-2021)	9
Stjórnun (Ekki til skoðunar 2020-2021).....	9
Starfsfólk og starfsumhverfi (Ekki til skoðunar 2020-2021)	9
Umbótaáætlun	10
Lokaorð.....	10

Matsþættir í FNV

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar voru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur FNV við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Matsþættir í innra mati FNV eru **A)** kennsla og önnur störf kennara, **B)** stjórnun **C)** stoðþjónusta og önnur þjónusta, **D)** nemendur og nám og **E)** starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á matsþáttum.



Matsáætlun 2018-2022

Sjálfsmatsáætlun 2018-2022

Mánuður	Haust 2018	Mánuður	Vor 2019	Mánuður	Haust 2019	Mánuður	Vor 2020
Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:	
Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat	Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta	Maí	Íbúar á heimavist	Desember	Nemendur og nám	Maí	Íbúar á heimavist
Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:	
Október	Starfsfólk og starfsumhverfi	Febrúar	SFR starfsmannakönnun	Október	Kennsla og önnur störf kennara	Febrúar	SFR starfsmannakönnun
Foreldrar:				Foreldrar:			
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta			Desember	Nemendur og nám		
Mánuður	Haust 2020	Mánuður	Vor 2021	Mánuður	Haust 2021	Mánuður	Vor 2022
Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:	
Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat	Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta	Maí	Íbúar á heimavist	Desember	Nemendur og nám	Maí	Íbúar á heimavist
Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:	
Október	Starfsfólk og starfsumhverfi	Febrúar	SFR starfsmannakönnun	Október	Kennsla og önnur störf kennara	Febrúar	SFR starfsmannakönnun
Foreldrar:				Foreldrar:			
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta			Desember	Nemendur og nám		

Þar sem kannanir hafa fallið niður eða frestast vegna heimsfaraldurs hefur matsáætlunin verið uppfærð. Auk þess að hliðra til áfangakönnunum hefur könnuninni „Ungt fólk“ verið bætt við en öðrum könnunum á áætluninni verið fækkað. Reynslan sýnir að ef of mikið er af könnunum verður svarhlutfall lægra og kannanirnar síður marktækar. Aðrar kannanir verða lagðar fyrir ef og þegar tilefni þykir til.

Matsáætlun 2021-2025

Sjálfsmatsáætlun 2021-2025

Mánuður	Haust 2021	Mánuður	Vor 2022	Mánuður	Haust 2022	Mánuður	Vor 2023
Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:	
Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn	Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Kennarar og starfsfólk:				Kennarar og starfsfólk:			
Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins			Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins		
Mánuður	Haust 2023	Mánuður	Vor 2024	Mánuður	Haust 2024	Mánuður	Vor 2025
Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:	
Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn	Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Kennarar og starfsfólk:				Kennarar og starfsfólk:			
Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins			Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins		

Framkvæmd

Innra mat við FNV er að mestu unnið af teymi um innra mat. Teymi um innra mat skólaárið 2020-2021 skipuðu Grétar Karlsson, verkefnisstjóri sjálfsmats, Guðrún Helga Tryggvadóttir, Jenny Larsson og Birgitta Björt Pétursdóttir fyrir hönd nemenda.

Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn s.s. niðurstöður *Ungt fólk og framhaldsskólinn*, tölur frá Hagstofu Íslands, tölur úr upplýsingakerfi Innu og kannanir Sameykis. Þegar utanaðkomandi aðilar leggja fyrir kannanir eins og t.d. Skólapúlsinn og Sameyki forðast skólinn að vera með sínar eigin kannanir á svipuðum tíma þar sem reynslan sýnir að þá lækkar svarhlutfall.

Á skólaárinu 2020-2021 voru lagðar fyrir eftirfarandi kannanir:

Áfangakönnun á vorönn 2021. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 26. apríl til 17. maí. Fjöldi svara í áfangakönnun var 89 (75% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU. Sendur var tölvupóstur á nemendum til að óska eftir þátttöku og kennarar og gáfu nemendum svigrúm til að svara könnuninni í kennslustundum. Niðurstöður áfangakönnunar eru ekki kyngreindar að öðru leyti en að hægt er að skilgreina kyn í einum valmöguleika en þátttakendur voru 71% karlar og 29% konur. Meirihluti þátttakenda býr í foreldrahúsum (54%), 19% þeirra býr í eigin húsnæði og 27% á heimavist. Nánast allir þátttakendur eru í dagskóla eða 98%, enginn í dreifnámi og 2% í fjarnámi. 15% aðspurðra eru nýnemar (hófu nám á vorönn). Samkvæmt matsáætlun voru raungreinaaáfangar til skoðunar en þar sem áfangakannanir höfðu fallið niður á vorönn og haustönn 2020 var áfangakönnunin lögð fyrir í verknámsáföngum (sem áttu að vera vor 2020) og áföngum kenndum af nýjum kennurum. Þeir áfangar sem voru til skoðunar voru: FRLA3RB05, FRVV1FB05, HEST1GF05, ÍPR2AK03, ÍPR2AK03, LEIK3CC05, LYST3RB05, MLSM2MV07, RAFL1GB03, TÖLI2IV05 og VÉLS1AB07.

Áfangakönnun hjá helgarnemum á vorönn 2021. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 15. apríl til 23. maí. Fjöldi svara í áfangakönnun hjá helgarnemum var 62 (73% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU. Fulltrúar sjálfsmatsnefndar fór í kennslustundir í þeim áföngum sem könnunin náði til og óskuðu eftir þátttöku nemenda. Niðurstöður áfangakönnunar eru ekki kyngreindar að öðru leyti en að hægt er að skilgreina kyn í einum valmöguleika en þátttakendur voru 85% karlar og 15% konur. Flestir búa í eigin húsnæði (87%), 8% búa í foreldrahúsum og 5% á heimavist. 35% aðspurðra eru nýnemar (hófu nám á vorönn). Þeir áfangar sem voru til skoðunar voru: RAFL1GB03H, RAFL3GD05H, RAFM2GB05H, STÝR3RD05H og TRÉS1HV08H.

Skólapúlsinn á vorönn 2021. Könnunin hófst 8. apríl og lauk 1. maí. Þátttakendur voru 132 og af þeim svöruðu 93 könnuninni eða 70,5%. Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

Niðurstöður matsþátta

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsþátta fyrir viðkomandi skólaár.

Áfangakönnun

	V17	H17	V18	H18	V19	H19	V21
Áfanginn er vel skipulagður (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,97	3,61	4,10	3,93	4,43	3,51	3,97
Ég er ánægð/ur með aðferð við námsmat (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst)	3,59	3,58	4,04	3,75	4,42	3,43	4,13
Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,71	3,75	4,05	3,90	4,03	3,67	4,15
Ég hef metnað fyrir því að standa mig vel í áfanganum (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,88	3,37	3,59	3,79	3,73	3,57	3,98
Ég læri heima ef ég næ ekki að klára verkefni í kennslustund (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,98	3,45	3,40	3,63	3,63	3,41	3,79
Ég missi einbeitingu í kennslustund og fer að gera eitthvað annað en ég á að vera að gera (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,03	3,15	3,30	3,19	3,47	3,26	3,40
Ég undirbý mig fyrir kennslustundir (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,38	2,56	3,13	2,80	2,93	2,62	3,34
Kennsluaðferðir kennarans höfða til mín (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,21	2,93	3,83	3,30	4,03	2,97	3,97
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,64	3,34	3,74	3,64	4,10	3,46	3,90
Moodle síða áfangans er gagnleg (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,84	3,73	3,43	4,01	4,43	3,72	3,10
Námsefnið hefur aukið áhuga minn á efninu (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	2,73	2,60	3,42	3,17	3,69	2,48	3,97
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,79	3,95	4,21	4,04	4,15	4,02	4,44
Samskipti mín við kennarann eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,05	3,73	4,08	3,91	4,38	3,66	4,45
Skilningur minn á efni áfangans hefur aukist (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,29	3,11	3,84	3,63	3,94	3,16	4,29

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Inna gefur ekki tækifæri til kyngreindra niðurstaðna og því eru niðurstöður settar fram sem einn hópur. Sama verklag hefur verið notað frá vorönn 2017 og því mögulegt að bera saman annir.

Styrkleika er að finna í að nemendur telja samskipti sín bæði við aðra nemendur og við kennara vera góð og að þeim finnst skilningur sinn á efninu hafa aukist.

Helstu veikleikana má finna í að nemendum finnast kennsluvefir áfanganna ekki vera gagnlegir, þeir undirbúa sig ekki fyrir kennslustundir og missa einbeitingu í kennslustundum

Samanburður við niðurstöður frá vorönn 2018 þegar áfangakönnun var síðast lögð fyrir í verknámsáföngum er heilt yfir jákvæður.

Áfangakönnun hjá helgarnemum

	V21 dagskóli	V21 helgarnám
Áfanginn er vel skipulagður (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,97	4,42
Ég er ánægð/ur með aðferð við námsmat (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst)	4,13	4,60
Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	4,15	4,58
Ég hef metnað fyrir því að standa mig vel í áfanganum (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er hæst og 5 er lægst).	3,98	4,31
Ég læri heima ef ég næ ekki að klára verkefni í kennslustund (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,79	4,55
Ég missi einbeitingu í kennslustund og fer að gera eitthvað annað en ég á að vera að gera (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,40	3,69
Ég undirbý mig fyrir kennslustundir (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,34	4,15
Kennsluaðferðir kennarans höfðu til mín (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,97	4,58
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,90	3,79
Moodle síða áfangans er gagnleg (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,10	3,50
Námsefnið hefur aukið áhuga minn á efninu (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,97	4,31
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,44	4,76
Samskipti mín við kennarann eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,45	4,87
Skilningur minn á efni áfangans hefur aukist (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	4,29	4,76

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Inna gefur ekki tækifæri til kyngreindra niðurstaðna og því eru niðurstöður settar fram sem einn hópur. Sama könnun var notuð og í öðrum áfangakönnunum því mögulegt að bera saman við áfangakönnun sem lögð var fyrir í verknámsáföngum.

Styrkleika er að finna í nánast öllu og sérstaklega í að nemendur telja samskipti sín bæði við aðra nemendur og við kennara vera góð og að þeim finnst skilningur sinn á efninu hafa aukist.

Það er varla hægt að tala um að veikleikar finnist, helst má nefna að hluta þátttakenda finnst kennsluvefir áfanganna ekki vera gagnlegir.

Í samanburði við niðurstöður úr áfangakönnuninni sem lögð var fyrir dagskólanema í verknámsáföngum eru helgarnemar almennt ánægðari.

Skólapúlsinn

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 (staðalnúmer) eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalnúmerum uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstaða hvers matsþáttar er borin saman við heildarútkomu allra þátttökuskóla (dálkurinn „Viðmið“), breyting skólans frá síðasta ári er gefin upp í dálknum „Breyting“. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður.

Matsþættir	Niðurstaða	Breyting	Viðmið	Mismunur
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	58,50%	2,40%	66,70%	-8,20%
Samsömun við nemendahópinn	4,2	-0,3	4,4	-0,2
Stuðningur kennara við nemendur	4,5	-0,6	5,6	-1,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	4,5	-0,7	5,4	-0,9
Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	4,8	-0,4	5,4	-0,6
Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	4,3	-0,4	5	-0,7
Námsáhugi	4,4	0	5	-0,6
Vinnulag í námi	4,4	0,4	5	-0,6
Fjarvera: Seinkomur í tíma	60,20%	-14,50%	58,00%	2,20%
Fjarvera: Skróp í tíma	53,00%	-11,80%	51,70%	1,30%
Fjarvera án leyfis heilan dag	32,90%	2,20%	24,50%	8,40%
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: HEILD	47,0 klst.	4,2 klst.	44,6 klst.	2,4 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	25,2 klst.	2,8 klst.	23,4 klst.	1,8 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	4,7 klst.	-1,0 klst.	6,8 klst.	-2,1 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	10,7 klst.	2,6 klst.	7,6 klst.	3,1 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómstundir og æfingar	6,4 klst.	-0,2 klst.	6,8 klst.	-0,4 klst.
Vellíðan	4	-0,3	4,2	-0,2
Hamingja	57,80%	-10,30%	62,50%	-4,70%
Sjálfsálit	4	-0,4	4,3	-0,3
Stjórn á eigin lífi	3,8	-0,3	4,1	-0,3
Þunglyndi	20,50%	6,40%	20,10%	0,40%
Kvíði	29,30%	10,40%	28,40%	0,90%
Svefnleysi	29,30%	-1,80%	31,60%	-2,30%
Einelti	20,20%	11,40%	11,50%	8,70%
Áreitni og ofbeldi	29,30%	3,70%	20,60%	8,70%

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Helstu styrkleikar eru að nemendur FNV sofa vel og fjarvera hefur minnkað.

Helstu veikleikar eru að nemendur FNV upplifa meira einelti og áreitni og ofbeldi en nemendur í öðrum skólum og þeir upplifa minni stuðning frá kennurum.

Nemendur og nám (Ekki til skoðunar 2020-2021)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig líður nemendum í skólanum?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hvernig er námsárangur nemenda?	Að samræmi sé milli ástundunar og námsárangurs.
Hversu vel sinna nemendur heimavinnu?	Meðalheimavinna í 3 eininga bóknámsáfangu sé meiri en 2 klst.
Hversu vel standa nemendur sig í kennslustundum?	A.m.k. 75% nemenda og 75% kennara telji að nemendur standi sig vel.
Hversu góð er skólasókn?	Að 95% nemenda standist kröfur skólans um skólasókn
Hversu góð þátttaka er í félagslífi í skólanum?	Að 75% nemenda taki virkan þátt
Hversu öruggir eru nemendur í skólanum?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt.

Stoðþjónusta- og önnur þjónusta (Ekki til skoðunar 2020-2021)

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð er stoðþjónusta skólans? (Námsráðgjöf, umsjón, bókasafn, skrifstofa, heimasíða)	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel er staðið að þjónustu við fjarnemendur?	A.m.k. 75% fjarnemenda ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu góð er umgengni, hirsla og ræting skólans?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir. Húsvörður
Hversu ánægðir eru vistarbúar með heimavist og mótuneyti?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.

Stjórnun (Ekki til skoðunar 2020-2021)

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð eru samskipti stjórnenda við annað starfsfólk?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur yfirstjórn kennslu?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu gott er skipulag skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur vexti og þróun skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel tekst að fá nemendur til skólans og halda í þá?	Hér vantar viðmið

Starfsfólk og starfsumhverfi (Ekki til skoðunar 2020-2021)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig er líðan starfsfólks?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hversu góður er aðbúnaður starfsfólks?	A.m.k. 75% telji aðbúnað góðan eða mjög góðan.
Hversu öruggt er starfsfólk á vinnustað?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt í starfi.

Umbótaáætlun

Niðurstöður sem þarf að bregðast við	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð framkvæmdar
Öryggi nemenda (Einelti og áreitni og ofbeldi).	Endurbæta áætlun og verklagfyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi.	Skólaárið 2020-2021 (lokið)	Námsráðgjafi og félagsráðgjafi.
Kvíði hjá nemendum.	Kortleggja kvíða meðal nemenda. Halda námskeið um prófkvíða.	Skólaárið 2021-2022	Námsráðgjafi og félagsráðgjafi.
Bæta vinnulag í námi.	Halda námskeið um námstækni.	Skólaárið 2021-2022	Námsráðgjafi og félagsráðgjafi.
Viðhorf nemenda til skólans.	Vinna með nemendum að jákvæðu viðhorfi til skólans.	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og nemendafélagið.
Bæta þátttöku í innra mati.	Aukið upplýsingaflæði um kannanir og endurskoða verkferla innra mats.	Skólaárið 2021-2022	Teymi um innra mat.
Bæta úrvinnslu og eftirfylgni sjálfsmats.	Fjölga kynningum á niðurstöðum.	Skólaárið 2021-2022	Teymi um innra mat og stjórnendur.

Lokaorð

Innra mati fyrir skólaárið 2020-2021 er lokið.

Í fyrri sjálfsmatsskýrslum hefur verið samantekt um skólann og starfsemi hans á skólaárinu auk ýmissar tölfraði tengda nemendum sem allt kemur einnig fram í ársskýrslu skólans. Því vísast í [ársskýrluna](#) með þessar upplýsingar.

Vegna heimsfaraldursins voru færri kannanir lagðar fyrir á skólaárinu þar sem ólíklegt var að samanburður á niðurstöðum úr þeim við fyrri kannanir hefði verið marktækur. Þess í stað huguðu námsráðgjafi og félagsráðgjafi að líðan nemenda með beinum samskiptum. Sjálfsmatsáætlunin hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af þessu. Sameyki færði könnunina „Stofnun ársins“ yfir á haustin og var hún því ekki gerð á skólaárinu.

Líðan nemenda hrakar en fylgir almennt þróuninni hjá nemendum í öðrum skólum. Fygjast þarf með hvort þróunin snúist við þegar áhrif heimsfaraldursins dvína eða hvort þörf sé á aðgerðum. Einnig þarf að fylgja eftir hvort ný áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi skili árangri.